

Fimmtudaginn 4. febrúar 1993.

Nr. 196/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
 gegn

Þorsteini Baldurssyni

(Ólafur Garðarsson hrl.).

Skjalafals. Tolllagabrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. mars 1992 að ósk ákærða, en einnig af ákærvalds hálfu til þyngingar refsingu. Ákærði gerir eingöngu kröfu um, að refsing verði lækkuð og höfð skilorðsbundin, en gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu héraðsdóms á heimfærslu brota til refsiskvæða.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn þess efnis, að ákærði hafi gert upp skuld sína vegna brots samkvæmt ákærulið 8 í ákæruskjali. Hefur ákærði þá greitt að fullu það fé, sem hann var ákærður fyrir að svíkja undan, ásamt dráttarvöxtum.

Með hliðsjón af umfangi brotsins ber að fallast á það með héraðsdómara, að refsing ákærða sé hæfileg 12 mánaða fangelsi. Þegar litið er til þess, að ákærði gaf sig af sjálfsdáðum fram við yfirvöld og viðurkenndi brot sín og upplýsti þau, að hann hefur greitt öll þau vanskil, ásamt dráttarvöxtum, sem leiddi af brotum hans, svo að enginn hefur beðið tjón af, svo og með hliðsjón af sakaferli hans, þykir mega ákveða, að fangelsisrefsingin skuli öll vera skilorðsbundin í þrjú ár, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærða verður hins vegar gert að greiða 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá dómsuppsögudegi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorsteinn Baldursson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. mars 1992.

Ár 1992, mánudaginn 9. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómarar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 114/1992: Ákærvaldið gegn Þorsteini Baldurssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 18. desember sl., á hendur Þorsteini Baldurssyni, Snorrabraut 85, Reykjavík, kennitala 141034-3249, „fyrir skjalafals og tolllagabrot með því að hafa á árunum 1989 og 1990 í sambandi við innflutning eftirtalins varnings á vegum fyrirtækja sinna, Gísla hf. og Feðga sf., falsað vörureikninga og afhent þá tollyfirvöldum og jafnframt aðflutningsskýrslur byggðar á þessum röngu reikningum, sem sýndu lægra kaupverð en rétt var, í því skyni að greiða lægri aðflutningsgjöld en honum bar, og nam fjárhæðin, sem ákærði sveik undan með þessum hætti, samtals 3.083.110 kr., svo sem hér greinir:

[Ákæra tilgreinir í 25 liðum notkun á fölsuðum vörureikningi í sambandi við innflutning á bifreiðum o. fl.]

Framangreind brot ákærða teljast varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 2. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði heldur ekki uppi vörnum í málinu og hefur viðurkennt ákærana rétta.

Samkvæmt skýrslu tollgæslunnar frá 16. ágúst 1990 kom ákærði á fund Sævins Bjarnasonar fulltrúa þann dag til að ræða við hann um innflutning á bifreiðum frá Danmörku. Segir í skýrslunni, að ákærði hafi tjáð Sævin, „að við innflutning sinn á fimm bifreiðum frá Danmörku hefði hann lagt fram ranga reikninga við tollafgreiðslu. Hefðu þeir verið of lágir sem nam upphæðum eins og fram kemur á lista, sem Þorsteinn hafði meðferðis. Í samtalinu við Sævin viðurkenndi Þorsteinn einnig, að við innflutning á ýmsum vörum frá Bandaríkjunum hefði hann enn fremur lagt fram reikninga, sem hann sagði útbúna af sér sjálfum“.

Í framhaldi þessa óskaði tollgæslan eftir því við ákærða að fá aðgang að gögnum um þennan innflutning og að tollverðir færu með honum til að ná í gögnin. Þessu hafnaði ákærði. Rannsóknarlögreglu ríkisins var þá afhent málið, og handtók hún ákærða og færði til yfirheyrslu. Hann neitaði að tjá sig fyrir en að loknum viðræðum við lögmann sinn, er var kvaddur til. Að loknum viðræðunum kvaðst ákærði játa að hafa á undanförunum 18 til 20 mánuðum flutt inn á tilbúnum reikningum bifreiðar frá Danmörku og Bandaríkjunum. Hann kvaðst fús að leggja fram öll gögn um innflutninginn og að upplýsa málið sem best. Lögmaður ákærða sótti gögnin og afhenti þau rannsóknarlögreglunni.

Ákærði var yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni í lok september 1990. Honum var kynnt, að við afgreiðslu 27 tollskýrslna hefði hann „lagt fram ranga og/eða falsaða vörureikninga til ákvörðunar á útreikningi tolla og aðflutningsgjalda“. Við yfirheyrsluna viðurkenndi ákærði að hafa við 21 afgreiðslu lagt fram ranga reikninga og að útreikningur tollgæslu væri réttur. Við hinar sex gerði hann athugasemdir við útreikning tollgæslunnar, en viðurkenndi að hafa lagt fram tilbúna reikninga. Athugasemdir ákærða voru sendar tollgæslunni, sem féllst á þær. Kröfur vegna tveggja afgreiðslna voru felldar niður, en hinar leiðréttar í samræmi við athugasemdir ákærða.

Fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa á árunum 1989 og 1990 á vegum fyrirtækja sinna, Gísla hf. og Fedga sf., falsað þá 25 vörureikninga, sem rétt er lýst í ákæru, og afhent þá tollyfirvöldum, enn fremur að hafa látið útfylla og afhent tollyfirvöldum aðflutningsskýrslur, er reistar voru á þessum röngu reikningum, og að hafa greitt aðflutningsgjöld samkvæmt þeim. Ákærði gerði engar athugasemdir við gögn málsins og kvað í ákærunni rétt lýst hinum fölsuðu reikningum, þ. e., frá hvaða erlendum fyrirtækjum þeir voru sagðir vera, þeim vörum, sem fluttar voru inn í hvert skipti, dagsetningum og fjárhæðum.

Dómurinn spurðist fyrir um það hjá tollgæslu, hvort ákærði hefði greitt

vangoldin aðflutningsgjöld vegna innflutningsins, sem mál þetta snýst um. Í svari tollgæslustjóra kemur fram, að ákærði hafi gert upp skuld vegna 24 aðflutningsskýrslna af þeim 25, er málið snýst um. Ógreiddur sé mismunur aðflutningsgjalda vegna innflutnings, sem um er fjallað í 8. lið ákæru, samtals að fjárhæð 933.377 kr. Ákærði staðfesti fyrir dómi, að þessi upphæð væri enn ógreidd.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, sem styðst við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um verknaði þá, sem honum eru gefnir að sök í ákæruskjali og eru þar rétt færðir til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur í sekt 1980 fyrir umferðarlagabrot og brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga. Á árunum 1952 til 1962 var hann dæmdur fjórum sinnum í varðhald fyrir umferðarlagabrot og einu sinni í sekt. Á sama tímabili sættist hann þrisvar á sektargreiðslur fyrir umferðarlagabrot og brot gegn lögreglusamþykkt.

Refsing ákærða verður ákveðin með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af umfangi brotsins telst hún hæfileg tólf mánaða fangelsi. Ákærði játaði brot sín þegar við upphaf lögreglurannsóknar málsins og stuðlaði að því, að þau upplýstust. Hann hefur þegar endurgreitt verulegan hluta þeirra aðflutningsgjalda, er hann hafði komist undan að greiða. Að þessu athuguðu svo og þegar sakaferill ákærða er virtur, þykir mega ákveða, að níu mánuðir af refsingunni skuli vera skilorðsbundnir, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögudegi, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955. Þá verður ákærða gert að greiða 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, er afplána skal með 30 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá dómsuppsögudegi.

Engan kostnað leiddi af rekstri málsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorsteinn Baldursson, sæti fangelsi tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Enn fremur greiði ákærði 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem afplána skal með 30 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá deginum í dag að telja.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.